



## Fundargerð hreppsnefndar 20. júní 2013

**Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 20. júní 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.**

Mætt voru Bárður Jónasson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Hjörtur Vigfússon, Signý Kristjánsdóttir, Björn Halldórsson og Sigríður Bragadóttir.

Jafnframt var mættur, sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 6. júní sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 6. júní sl. Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðarinnar og gerði grein fyrir meðferð bókunar, sem samþykkt var varðandi smáhýsi. Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Sundabúð, legudeild, fjárhagsyfirlit pr. 30. apríl 2013.

Lagt fram fjárhagsyfirlit pr. 30. apríl 2013. Sveitarstjóri gerði grein fyrir yfirlitinu. Í máli hans kom fram að rekstrarhalli að fjárhæð tæp 1 m. kr. væri á rekstrinum miðað við fyrirliggjandi rekstraryfirlit. Brýnt væri því að skoða vel hvernig mögulegt væri að hagræða og bæta reksturinn þannig að unnt yrði að láta enda ná saman.

Hreppsnefnd samþykkti síðan að vísa yfirlitinu til sérstakrar nefndar um málefni Sundabúðar og hvetja hana til góðra verka í þessu sambandi.

3. mál. Heilbrigðisráðuneytið, fundur 12. júní sl, varðandi uppgjör o.fl.

Gerð var grein fyrir fundi, sem forsvarsmenn sveitarfélagsins áttu með fulltrúum Velferðarráðuneytisins um frágang samnings um þjónustu og rekstur hjúkrunarheimilisins Sundabúðar og heimahjúkrunar á Vopnafirði. Samningurinn hefur ekki enn verið undirritaður af Fjármála- og Efnahagsráðuneytinu. Lögð var áhersla á það að frá þessum málum yrði gengið hið snarasta.

Jafnframt var farið yfir uppgjör á greiðslum, sem Vopnafjarðarhreppur á að fá samkvæmt samningnum, en talsvert vantaði á að allar greiðslur hefðu skilað sér. Alls vantaði um 6 m.kr. uppá full skil.

Hreppsnefnd fól sveitarstjóra að vinna áfram að framgangi þessara mála.

4. mál. Skóli og íþróttahús. Opnun tilboða í verkið” Grunnskóli Vopnafjarðar. Múrviðgerðir og málning úti.”

Eitt tilboð barst í verkið „ Grunnskóli Vopnafjarðar. Múrviðgerðir og málning úti“, sem Vopnafjarðarhreppur bauð út.

Tilboðið barst frá Mælifelli ehf. Tilboð og kostnaðaráætlun sem opnuð voru á skrifstofu sveitarstjóra eru svofelld:

1) Mælifelli ehf	17.595.511 kr.
2) Kostnaðaráætlun er	12.601.615 kr.

Tilboðið er því 39,6 % yfir kostnaðaráætlun.

Hreppsnefnd getur ekki samþykkt tilboðið eins og það liggur fyrir en felur sveitarstjóra að leita samninga við fyrirtækið um verkið að hluta eða öllu leyti með hliðsjón af kostnaðaráætlun, sem unnin var fyrir verkið.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

5. mál. Ásbræður, uppkaup bryggju Síldarskemmu og frágangur lóðarmála.-Gagntilboð-  
Lagt fram minnisblað varðandi málið unnið af sveitarstjóra 17. júní sl.

Á fundi hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 8. maí sl., voru lögð fram gögn sem sýna mörk þeirra lóða sem til umfjöllunar eru og hvernig hugmyndin er að lóðir verði umhverfis hús Ásbræðra á svæðinu.

Ásbræður voru þá tilbúnir að ganga frá málinu gegn 20 m.kr. greiðslu og að þeir fái tiltekna lóðir umhverfis hús sín. Í tilboðinu fólust uppkaup á bryggju, bryggjuhúsi og frágangur allra lóðamála.

Hreppsnefnd samþykkti eftir umræður að fela oddvita og sveitarstjóra að gera Ásbræðrum gagntilboð að fjárhæð 15 m.kr. og ljúka þessum máli á þeim grunni.

Gagntilboði hreppsnefndar var síðan komið á framfæri við Ásbræður ehf. með bréfi dags. 10. maí sl.

Nýtt gagntilboð hefur nú borist frá Ásbræðrum ehf. að fjárhæð 17,5 m. kr., sem greiðist á þremur árum. Í tilboðinu felst eins og áður að þeir fái tiltekna lóðir undir hús sín og að gerðir verði sérstakir lóðarleigusamningar um það. Jafnframt að sveitarfélagið greiði helming fasteignagjalda vegna þessa árs og Ásbræður hinn hlutann, vegna þeirra eigna sem samningur hefur verið um. Gerð var grein fyrir málinu og fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Í framhaldi var samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga til samninga um málið á grundvelli fyrirliggjandi tilboðs, enda verði fyrsta greiðsla ekki greidd fyrr en árið 2014 og heildarfjárhæð tilboðs lækkuð um nálægt 500 þús. kr.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

6. mál Helstu framkvæmdir Vopnafjarðarhrepps, gerð grein fyrir stöðu mála.

Lagt fram yfirlit um fjárveitingar til helstu framkvæmda á vegum sveitarfélagsins á yfirstandandi ári. Gerð var grein fyrir stöðu mála hvað varðaði helstu framkvæmdir.

Nokkrar fyrirspurnir og umræður áttu sér síðan stað um málefnið og var fyrirspurnum svarað.

Fundarmenn voru almennt ánægðir með yfirferð þessa. Fram kom að halda þyrfti vel utan um kostnað verka, þar sem framkvæmdir á áætlun væru miklar og dýrar.

Sveitarstjóra var falið að vinna að framvindu þessara framkvæmda til samræmis við fyrirliggjandi gögn og umræður á fundinum.

7. mál Brunavarnaráætlun fyrir Brunavarnir á Austurlandi fyrir árin 2013-2017. Slökkviliðsstjóri mætir á fundinn og gerir grein fyrir áætluninni.

Á fundinn var mættur slökkviliðsstjóri Baldur Pálsson.

Lögð fram brunavarnaráætlun árána 2013-2017 fyrir svæði aðiladarsveitarfélaga Brunavarnanna. Slökkviliðsstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi áætlun og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna. Óskaði hann eftir því að hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps myndi samþykkja fyrirliggjandi áætlun fyrir sitt leyti.

Að lokinni yfirferð sinni svaraði slökkviliðsstjóri fyrirspurnum fundarmanna. Að því loknu vék hann af fundi.

Hreppsnefnd samþykkti síðan brunavarnaráætlun árána 2013-2017, fyrir sitt leyti, samhljóða með 7 atkv.

8. mál. Kjör oddvita og varaoddvita

Samkvæmt 19. gr. samþykktu um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp sveitarstjórnar þarf að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar í júní hvert ár, þar sem kjörtímabil þessara aðila er eitt ár.

Samkvæmt 6. málsgrein 13. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er kjörtímabil oddvita og varaoddvita hið sama og sveitarstjórnar, nema sveitarstjórn ákveði annað.

Í samþykktum sínum, sem unnar voru á grunni eldri laga nr. 45/1998, hefur sveitarstjórn ákveðið að kosið sé árlega í þessi embætti.

Hér er því lagt til að kosið verði í þessi embætti þrátt fyrir ákvæði nýrra laga.

Fram kom tillaga um að Bárður Jónasson verði oddviti  
Engin önnur tillaga kom fram.

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt með 5 atkv. 2 sátu hjá.

Fram kom tillaga um að að Þórunn Egilsdóttir verði varaoddviti.  
Engin önnur tillaga kom fram.

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt með 5 atkv. 2 sátu hjá.

9. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Dagskrá hafnarfundar, sem haldinn verður í Grindavík 20. sept. nk.  
Lagt fram til kynningar og vísað til hafnarnefndar.

b) Fundargerð samgöngunefndar SSA frá 10. júní sl.  
Lagt fram til kynningar.

c) Ársfundur Menningarráðs Austurlands frá 14. maí sl.  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.15